



Nefnda- og greiningasvið Alþingis  
Sent rafrænt á netfangið nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 10. maí 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.). Þingskjal 1527—979. mál.**

Félag heyrnarlausra („félagið“) vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um frumvarp menningar- og viðskiptaráðherra til breytinga á fjölmiðlalögum („frumvarpið“).

**1. Forsagan**

Félagsmenn Félags heyrnarlausra nota táknmál til tjáningar og samskipta í daglegu lífi. Textun íslensks sjónvarpsefnis er stórt baráttumál félagsins enda er textinn lykill að menningu og upplýsingum úr hinum heyrandi heimi - upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, tekið upplýstar ákvarðanir og gengið til kosninga, svo eitthvað sé nefnt.

Textun er eina raunhæfa úrræðið til að gera heyrnarlausum kleift að njóta sjónvarpsefnis á íslensku til jafns við heyrandi. Í 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er kveðið á um aðgengi og viðeigandi aðlögun sem eru meðal grundvallarreglna samningsins. Í ákvæðinu er lögð skylda á aðildarríki til að gera ráðstafanir sem tryggja fötluðu fólki aðgang, til jafns við aðra, meðal annars að upplýsingum og þjónustu sem almenningi stendur til boða. Þá er í 21. gr. samningsins kveðið á um skyldu aðildarríkja til að gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fatlað fólk geti nýtt sér rétt sinn til tjáningar- og skoðanafrelsis, þ.m.t. frelsi til að taka við upplýsingum til jafns við aðra, með hjálp hvers kyns samskiptamiðla að eigin vali, svo sem sýningu texta, sbr. 2. gr. samningsins. Að mati félagsins eru þessi réttindi ekki tryggð í núgildandi fjölmiðlalöggjöf – sem birtist í því að fjölmiðlaveitur hafa ekki sinnt textun á innlendu sjónvarpsefni.

Í núgildandi fjölmiðlalögum nr. 38/2011 er engin skylda lögð á fjölmiðlaveitur til að texta innlent sjónvarpsefni. Í 30. gr. laganna eru fjölmiðlaveitur hvattar til að „leitast við að gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum auk þeirra sem búa við þroskaröskun“ með táknmáli, textun og hljóðlýsingu. Í athugasemdum við 30. gr. í frumvarpi til fjölmiðlalaga nr. 38/2011 kemur fram að í ákvæðinu sé ekki lögð ótvíræð skylda á fjölmiðlaveitur að þessu leyti heldur sé fremur um að ræða tilmæli til þeirra. Með ákvæðinu var innleitt ákvæði 7. gr. III. kafla í tilskipun Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2010/13/ESB frá 10. mars 2010 (hljóð- og myndmiðlunartilskipun) um að aðildarríki skuli „hvetja veitendur fjölmiðlaþjónustu, sem heyra undir lögsögu þeirra, til að sjá til þess að þjónusta þeirra verði smátt og smátt gerð aðgengileg sjón- eða heyrnarskertu fólki.“

Af þessum sökum hafa fjölmiðlaveitur ekki textað útsendingar á íslensku sjónvarpsefni – aðeins á erlendu efni, enda ber þeim skylda til þess samkvæmt 29. gr. gildandi laga. Hefur Fjölmiðlanefnd meðal annars gert athugasemdir þegar erlent efni hefur verið sent út án

íslensks tals eða texta, sbr. ákvarðanir Fjölmiðlanefndar nr. 1/2012, 2/2012, 3/2012 og 3/2013.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 23/2013, um Ríkisútvarpið, fjölmiðil í almannabágu, hvíla hins vegar skyldur á Ríkisútvarpinu til að veita heyrnarskertum aðgang að fjölmiðlaþjónustu í almannabágu með textun á innlendu efni, svo sem fréttum og öðru sjónvarpsefni, textavarpi, útsendingum á táknmáli og eða öðrum miðlunarleiðum er henta í þessu skyni. Hefur Ríkisútvarpið fylgt eftir lögbundnu hlutverki sínu í þessu sambandi.

Af framangreindu er ljóst að heyrnarlausir hafa ekki aðgang að íslensku sjónvarpsefni nema að takmörkuðu leyti í gegnum Ríkisútvarpið. Við blasir að sú brýning til fjölmiðlaveitna í 30. gr. fjölmiðlalaga, um textun á innlendu efni, hefur ekki borið árangur. Af þeim sökum hefur ítrekað verið lagt fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á 30. gr. fjölmiðlalaga, nú síðast á árinu 2017. Sú breyting sem frumvarpið gerði ráð fyrir fólst í því að fjölmiðlaveitum yrði gert skylt að texta sjónvarpsefni án tillits til þess hvort efnið er á íslensku eða erlendu tungumáli. Tilgangurinn með frumvarpinu var sá að gera sjónvarpsáhorfendum sem eru heyrnarlausir, eða heyrnarskertir að því marki að þeim gagnast ekki talmál í sjónvarpi, kleift að njóta alls sjónvarpsefnis. Félag heyrnarlausra og fulltrúar heyrnarskertra og talsmenn mannréttinda töldu mikla og sjálfsagða réttarbót felast í frumvarpinu en það hefur því miður hefur ekki orðið útrætt.

## **2. Athugasemdir við drög að frumvarpi til breytinga á fjölmiðlalögum**

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011, vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins frá 14. nóvember 2018, nr. 2018/1808/ESB um breytingu á hljóð- og myndmiðlunartilskipuninni. Félagið vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum varðandi 11., 14., 15. og 25. gr. frumvarpsins sem og greinargerðar þeirrar er fylgir með frumvarpinu:

### **11. gr. frumvarpsins**

Félag heyrnarlausra fagnar þeim orðalagsbreytingum sem gerðar eru á h-lið 1. mgr. 23. gr. fjölmiðlalaganna.

Í athugasemdum með 11. gr. frumvarpsins segir hins vegar að nýmæli sé að „hvetja fjölmiðlaveitu til að búa til áætlanir og grípa til aðgerða á grundvelli þeirra til að bæta aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni sínu.“ Félagið bendir á að orðfærið „hvetja“ í þessu sambandi samræmist í raun ekki áskilnaði h-liðar 1. mgr. 23. gr. laganna þar sem kveðið er á um að fjölmiðlaveitu sé skylt að senda fjölmiðlanefnd skýrslu um aðgerðir og áætlanir sem miða að auknu aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni viðkomandi fjölmiðlaveitu. Orðfærið „hvetja“ dregur því úr fyrirmælum ákvæðisins.

Þá segir á sama stað að breytinguna sé að rekja til þess markmiðs tilskipunarinnar að „leitast stöðugt við“ að auka og tryggja aðgang sjón- og heyrnarskertra að efni fjölmiðla. Þá sé tilefnið einnig þau tilmæli sem beint er að aðildarríkjum í 22. lið aðfaraorða tilskipunarinnar um að tryggja, án tafar, að fjölmiðlaveitur „leitist við að“ auka aðgengi sjón- og heyrnarskertra að efni sínu með virkum hætti.

Félagið gerir athugasemdir við að í greinargerðinni sé notast við orðalag sem 14. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að falli brott úr ákvæði 30. gr. nógildandi fjölmiðlalaga. Orðfærið „leitast við að“ hefur þá merkingu að „reyna“ og dregur því úr fyrirmælum ákvæðisins. Bendir félagið á að í 22. lið formálsorða tilskipunarinnar er sérstaklega tekið

fram að það að tryggja aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni sé nauðsynleg krafa í ljósi samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fyrir liggur að Ísland hefur fullgilt samninginn og ber því skyldu til „að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar“, sbr. 4. gr. samningsins.

Jafnframt er tekið fram í 22. lið formálsorða tilskipunarinnar að aðildarríki eigi án ótilhlýðilegrar tafar að tryggja að fjölmiðlaveitur, sem heyra undir lögsögu þeirra, bæti aðgengi sjón- og heyrnarskertra með virkum hætti að myndefni sem þær miðla. Mæta eigi kröfum um aðgengi með framsæknu og samfelldu ferli en að teknu tilliti til þess að í einhverjum tilfellum geti verið erfiðleikum háð að mæta þeim kröfum til fulls, líkt og við beinar útsendingar. Orðfærið „hvetja“ í greinargerð með 11. gr. frumvarpsins á því ekki við.

#### **14. gr. frumvarpsins**

Ákvæði 14. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir að nógildandi ákvæði 30. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 breytist á þann veg að í stað þess að fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni skuli „eins og kostur er leitast við að“ gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum þá skuli þær „stöðugt og stigvaxandi“ gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum.

Í athugasemdum með 14. gr. frumvarpsins segir að orðalag tilskipunar 2018/1808/ESB sé mun strangara en í fyrri hljóð- og myndmiðlunartilskipun. Þá er vísað til þess að ekki sé lengur um tilmæli til fjölmiðlaveitna að ræða og því eigi ekki lengur við sú athugasemd við 30. gr. í frumvarpi til fjölmiðlalaga nr. 38/2011, um að ákvæðið feli ekki í sér ótvíræða skyldu heldur tilmæli til fjölmiðlaveitna. Í framhaldinu segir síðan orðrétt: „Fjölmiðlaveitum er því, eins og komið hefur fram, gert að endurmeta stöðugt hvort möguleiki sé á að bæta þjónustu þeirra við sjón- og heyrnarskerta, sem og gera áætlanir þar um.“

Líkt og rakið hefur verið þá er hvergi í nógildandi fjölmiðlalögum nr. 38/2011 lögð skylda á fjölmiðlaveitur til að texta innlent sjónvarpsefni heldur er eingöngu mælt til þess að þær geri svo. Í ljósi þess að nógildandi tilmæli í 30. gr. fjölmiðlalaga hafa ekki tryggt heyrnarlausum og heyrnarskertum aðgengi að innlendu myndefni fagnar félagið því að löggjafinn herði á kröfum til fjölmiðlaveitna í þessu sambandi. Félagið lýsir hins vegar yfir efasemdum um að gengið sé nógu langt í þessum efnunum og hefur áhyggjur af því að orðalag ákvæðisins veiti fjölmiðlaveitum enn of ríkt svigrúm. Sú afstaða félagsins fær stoð í þeirri staðreynd að það varðar ekki sektum að senda út dagskrárefni án þess að gera ráðstafanir til að gera það aðgengilegt fyrir heyrnarskerta, s.s. með textun. Með frumvarpinu eru gerðar tiltekna breytingar á sektarákvæði 54. gr. laganna með hliðsjón af þeim breytingum sem mælt er fyrir um í frumvarpinu - breytingarnar kveða hins vegar ekki á um viðurlög við því að brjóta gegn ákvæði 30. gr.

Bendir félagið á að í 22. lið formálsorða tilskipunarinnar er sérstaklega tekið fram að það að tryggja aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndefni sé nauðsynleg krafa í ljósi samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Fyrir liggur að Ísland hefur fullgilt samninginn og ber því skyldu til „að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og grundvallarfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi vegna fötlunar“, sbr. 4. gr. samningsins.

Jafnframt er tekið fram í 22. lið formálsorða tilskipunarinnar að aðildarríki eigi án ótilhlýðilegrar tafar að tryggja að fjölmiðlaveitur, sem heyra undir lögsögu þeirra, bæti aðgengi sjón- og heyrnarskertra með virkum hætti að myndefni sem þær miðla. Mæta eigi kröfum um aðgengi með framsæknu og samfelldu ferli en að teknu tilliti til þess að í einhverjum tilfellum geti verið erfiðleikum háð að mæta þeim kröfum til fulls, líkt og við beinar útsendingar.

Í þessu sambandi telur félagið ástæðu til að nefna að textun á innlendu sjónvarpsefni nýtist ekki eingöngu heyrnarlausum eða þeim sem eru heyrnarskertir að því marki að þeim gagnast ekki talmál í sjónvarpi. Textunin gagnast mun stærri hóp, hún styður við læsi barna, gagnast eldra fólki og fólki með annað móðurmál sem er að læra íslensku. Þá auðveldar hún fólki með þroskahömlun að njóta áhorfs. Við blasir að það hefur áhrif á samfélagsþátttöku fólks að geta ekki fylgst með stjórn málaumræðu og viðburðum í þjóðfélaginu hverju sinni. Þá er sjónvarpsáhorf ekki síður félagsleg athöfn.

Það er mat félagsins að svo þær breytingar sem 14. gr. frumvarpsins gerir ráð fyrir hafi raunveruleg áhrif í þá átt að fjölmiðlaveitur fari eftir þeirri skyldu sem þar er mælt fyrir um beri nauðsyn til að mæla fyrir um viðurlög við brotum gegn ákvæði 30. gr. laganna.

#### **15. gr. frumvarpsins**

Félag heyrnarlausra fagnar þeirri viðbót við 31. gr. fjölmiðlalaga sem mælt er fyrir um í 15. gr. frumvarpsins. Málsgreinin er mikil réttarbót.

#### **25. gr. frumvarpsins**

Með vísan til þeirra athugasemda sem félagið gerir við 14. gr. frumvarpsins ber nauðsyn til að bæta við nýjum staflið við 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga nr. 38/2011 er hljóðar svo: „30. gr. um aðgengi sjón- og heyrnarskertra að myndmiðlunarefni.“


#### **Greinargerð frumvarpsins**

Félag heyrnarlausra gerir ákveðnar athugasemdir við orðalag í greinargerð með frumvarpinu, köflum 6.1 og 6.3.

Í kafla 6.1 (Áhrif á fjölmiðla og fjölmiðlaveitur) segir orðrétt: „Einnig að tryggja réttindi sjón- og heyrnarskertra með textun og hljóðlýsingu.“ Þá segir orðrétt í kafla 6.3. (Áhrif á neytendur): „Þá eru einnig réttindi sjón- og heyrnarskertra eflað, þá sérstaklega rétturinn til textunar og hljóðlýsingar á efni sem miðlað er.“

Félagið gerir athugasemdir við að í málsgreinarnar vantar táknmál, en líkt og kveðið er á um í 30. gr. fjölmiðlalaga eru úrræði til að tryggja aðgengi m.a. táknmál, textun og hljóðlýsing. Ástæða er til að nefna hér sérstaklega að hluti heyrnarlausra hefur afar takmarkaða þekkingu á íslensku og eiga í erfiðleikum með að lesa íslensku. Íslenskt táknmál er móðurmál heyrnarlausra Íslendinga, sbr. lög nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Textun kemur því aldrei í stað táknmáls.

Virðingarfyllst,  
f.h. Félags heyrnarlausra,

  
Karólína Finnbjörnsdóttir, lögmaður



FJÖLMÍÐLANEFND

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis, nefnda- og greiningarsvið  
150 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2023  
Mál nr. 2023-72 / 0.4

**Efni: Umsögn Fjölmiðlanefndar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.), 979. mál.**

## 1.

Fjölmiðlanefnd vísar til erindis allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 27. apríl 2023, þar sem Fjölmiðlanefnd er gefinn kostur á að veita umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.), 979. mál.

Með frumvarpsdrögum eru lagðar til breytingar á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011 (hér eftir lög um fjölmiðla), vegna innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2018/1808 um breytingu á tilskipun nr. 2010/13/ESB um hljóð- og myndmiðlun (hljóð- og myndmiðlunartilskipun ESB).

Tilskipun 2018/1808/ESB tók gildi 18. desember 2018 í aðildarríkjum Evrópusambandsins og áttu aðildarríki ESB að leiða ákvæði hennar í lög fyrir árslok 2020. Þegar þetta er ritað hefur breytingartilskipunin verið innleidd í öllum aðildarríkjum ESB nema Slóvakíu. Með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar 9. desember 2022 var gerðin tekin upp í EES-samninginn og ber að innleiða hana í íslenskan rétt á grundvelli laga um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993.

Hljóð- og myndmiðlunartilskipun Evrópusambandsins er ætlað að tryggja að samræmdar lágmarksreglur gildi um starfsemi hljóð- og myndmiðla á EES-svæðinu og að tryggja samræmt eftirlit með þeim reglum. Gilda þær um alla hljóð- og myndmiðla (e. audiovisual media services) með starfsemi á EES-svæðinu, þar á meðal alþjóðlegar streymisveitur með starfsemi í Evrópu.

Breytingarnar sem frumvarpsdrögin fela í sér miða að því að uppfæra og samræma lagareglur um hljóð- og myndmiðla í takt við þær breytingar sem orðið hafa á tækniumhverfi og notkun myndmiðla, auka öryggi notenda fjölmiðla í víðum skilningi, sér í lagi barna, og styrkja rekstrarumhverfi fjölmiðla.

Líkt og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu er það endurflutt án meiri háttar breytinga frá fyrri þingum en það var fyrst lagt fram á 151. löggjafarþingi árið 2021. Fjölmiðlanefnd hefur áður komið á framfæri umsögn um efni þess, dags. 4. maí 2021.

## 2. Athugasemdir Fjölmiðlanefndar 2021 sem brugðist var við

Að mati Fjölmiðlanefndar hefur að mestu leyti verið litið til athugasemda Fjölmiðlanefndar frá 2021 hvað varðar orðalag og hugtakanotkun.

Þá hafa verið gerðar breytingar á **18. gr.** frumvarpsdraganna í samræmi við athugasemd nefndarinnar. Nefndin benti á það í umsögn sinni árið 2021 að nauðsynlegt væri að tiltaka í lögum eða lögskýringum hvaða aðila væri ætlað það hlutverk að meta hvaða fjölmiðlaveitur falla undir undanþágu frá kröfu um 30% hlutfall evrópsks efnis í myndefni sem miðlað er eftir pöntun. Samkvæmt 18. gr. gildir sú krafa ekki um fjölmiðlaveitur með litla veltu eða fáa áhorfendur en nánari skilgreiningar þar að lútandi munu koma fram í reglugerð sem ráðherra setur. Samkvæmt fyrirleggjandi frumvarpsdrögum fær Fjölmiðlanefnd það hlutverk að veita undanþágu frá kröfum um 30% evrópskt efni í myndefni eftir pöntun ef ekki er talið réttlætjanlegt eða raunhæft að gera þær með vísan til eðlis og áherslu hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar.

## 3. Athugasemdir Fjölmiðlanefndar 2021 sem ekki var litið til

Fjölmiðlanefnd telur rétt að ítreka athugasemdir sem gerðar voru við **9. gr.** og **c-lið 25. gr.** frumvarpsdraganna í umsögn Fjölmiðlanefndar frá maí 2021:

### 3.1 Ákvæði 25. gr. frumvarpsins um stjórnvaldssektir

1. másl. 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla fjallar um stjórnvaldssektir og er svohljóðandi:

*Fjölmiðlanefnd leggur stjórnvaldssektir á [fjölmiðlaveitur]<sup>1)</sup> sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum:*

Að því búnu kemur upptalning í 18 stafliðum á þeim ákvæðum laganna sem varðað geta stjórnvaldssektum, teljist fjölmiðlaveitur hafa brotið gegn þeim, að undangenginni lögbundinni málsmeðferð hjá Fjölmiðlanefnd.

Samkvæmt þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpsdrögunum munu brot mynddeiliveitna gegn nýju ákvæði 1. mgr. 36. gr. d., um skyldur mynddeiliveitna, eiga að varða stjórnvaldssektum. Helst það í hendur við skýringar í greinargerð sem fylgir frumvarpsdrögum en þar segir: „Ekki eru gerðar kröfur um að hafa eftirlit með efninu sjálfu, heldur því að þær ráðstafanir sem mynddeiliveitunni er skylt að gera á grundvelli tilskipunarinnar séu fullnægjandi. Sé ekki svo er eftirlitsaðila í viðkomandi ríki heimilt að beita stjórnvaldssektum.“

Í samræmi við þetta er í **c-lið 25. gr.** frumvarpsdraganna lagt til að við 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla bætist nýr stafliður, svohljóðandi:

*1. mgr. 36. gr. d um skyldur mynddeiliveitna.*

Í skýringum við 25. gr. í frumvarpsdrögum segir:

*Í greininni er mælt fyrir um breytingar á sektarákvæði 54. gr. laganna með hliðsjón af breytingum sem mælt er fyrir um í frumvarpi þessu, þ.e. að einnig megi leggja stjórnvaldssektir á mynddeiliveitur.*

Fjölmiðlanefnd benti á það í umsögn sinni 2021 að einnig þyrfti að gera breytingar á orðalagi 1. másl. 1. mgr. 54. gr. þar sem að **nefndin hefði ekki heimildir að lögum til að sekta mynddeiliveitur** vegna brota á 1. mgr. 36. gr. d. eða öðrum ákvæðum laga um fjölmiðla og að nauðsynlegt væri að veita nefndinni slíkar heimildir hvað varðar 1. mgr. 36. gr. d. Nefndin hefði eingöngu heimild til að sekta **fjölmiðlaveitur**, sbr. orðalag 1. másl. 1. mgr. 54. gr.: *Fjölmiðlanefnd leggur stjórnvaldssektir á [fjölmiðlaveitur]<sup>1)</sup> sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum.*

Ekki hefur verið brugðist við þessari athugasemd Fjölmiðlanefndar.

Fjölmiðlanefnd ítrekar að sektarheimildir nefndarinnar samkvæmt 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla **taka einungis til fjölmiðlaveitna**, þ.e. einstaklinga og lögaðila sem starfrækja fjölmiðla. Sé það vilji þingsins að Fjölmiðlanefnd eigi að vera kleift að leggja stjórnvaldssektir á mynddeiliveitur, vegna brota á 1. mgr. 36. gr. d., er nauðsynlegt að gera viðeigandi breytingar á orðalagi 1. másl. 1. mgr. 54. gr. laga um fjölmiðla.

### *3.2 Ákvæði um upplýsingagjöf á vef Fjölmiðlanefndar*

Í **3. mgr. b-liðar 9. gr.** frumvarpsins er lagt til að við 10. gr. laga um fjölmiðla, sem fjallar um starfssvið Fjölmiðlanefndar, bætist ný málsgrein um skyldu Fjölmiðlanefndar til að veita á vef sínum einfaldar og greinargóðar upplýsingar um hvaða kröfur eru gerðar til fjölmiðla um aðgengi sjón- og heyrnarskertra skv. 30. gr. og upplýsingar um farveg fyrir notendur til að koma kvörtunum á framfæri. Fjölmiðlanefnd telur formsins vegna að betur geti farið á því að þessari málsgrein verði komið fyrir sem viðbót við 21. gr. laganna sem ber yfirskriftina *Upplýsingagjöf á heimasíðu fjölmiðlanefndar*. Jafnframt er lagt til að yfirskrift þess ákvæðis verði *Upplýsingagjöf á vef fjölmiðlanefndar*, í samræmi við almenna hugtakanotkun á þessu sviði en þær upplýsingar sem taldar eru upp í 21. gr. komast eðli máls samkvæmt ekki allar fyrir á heimasíðu (forsíðu) vefsins.

### **4. Athugasemdir Fjölmiðlanefndar vegna breytinga á lögum nr. 87/2018 um níkótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur**

Í **24. gr.** frumvarpsdraganna er lagt til að við 42. gr. laga um fjölmiðla, um kostun hljóð- og myndefnis, bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

*Fyrirtæki sem hefur aðalstarfsemi af sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, rafrettum eða áfyllingum er óheimilt að kosta dagskrárliði eða aðra fjölmiðlaþjónustu. Aðilum sem reknir eru í hagnaðarskyni er óheimilt að kosta barna- og unglingsæfni.*

Í skýringum við 24. gr. frumvarpsdraganna segir að um sé að ræða nýmæli í lögum hér á landi og eigi umrætt ákvæði að koma í veg fyrir óbeinar auglýsingar á tóbaksvörum, rafrettum eða áfyllingum á þeim. Sé það í samræmi við 7. gr. laga um tóbaksvarnir nr. 6/2002, sem mæli fyrir um bann gegn hvers konar auglýsingum á tóbaki og reykfærum, sbr. einnig 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla.

Ákvæði 24. gr. er í samræmi við ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunar ESB frá 2018, þar sem kveðið er á um að einungis fyrirtækjum sem hafa aðalstarfsemi af sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, rafrettum eða áfyllingum fyrir þær sé óheimilt að kosta dagskrárliði eða aðra fjölmiðlaþjónustu.

Þess ber þó að geta að hér á landi hafa orðið breytingar á löggjöf um viðskiptaboð fyrir nikótínvörur frá því að frumvarpið var síðast lagt fram og telur Fjölmiðlanefnd því rétt að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd:

Þann 24. júní 2022 tóku gildi lög nr. 56/2022 um breytingu á lögum um nr. 87/2018 um rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur. Með þeim tók gildi almennt bann við auglýsingum fyrir nikótínvörur hér á landi og fengu löginn nýtt heiti af því tilefni: **Lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur**. Auglýsingabannið samkvæmt lögum nr. 87/2018 gildir um allar tegundir auglýsinga, hvort sem þær birtast í fjölmiðlum, samfélagsmiðlum, mynddeiliveitum eða á öðrum vettvangi og hefur Neytendastofa eftirlit með því. Samhliða breytingum á lögum nr. 87/2018 voru gerðar þær breytingar á 4. mgr. 37. gr. laga um fjölmiðla að orðið *nikótínvörur* var fellt inn í upptalningu þeirra viðskiptaboða og fjarkaupa sem óheimilt er að miðla í fjölmiðlum.

Til skýringar skal þess getið að nikótínvara er vara sem inniheldur nikótín, hvort sem nikótínið er unnið úr tóbaki eða ekki. Dæmi um slíkar vörur eru tóbakslausir nikótínþúðar, sem eru vinsælir hjá ungu fólki.

Fjölmiðlanefnd leggur til að orðinu *nikótínvörur* verði bætt við við upptalningu í 24. gr. frumvarpsdraganna, um breytingu á 42. gr. laga um fjölmiðla, til samræmis við lög um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 87/2018. Þannig verði fyrirtæki sem hefur aðalstarfsemi af sölu eða framleiðslu á tóbaksvörum, **nikótínvörum**, rafrettum og áfyllingum fyrir þær óheimilt að kosta dagskrárliði eða aðra fjölmiðlaþjónustu.

## 5. Breytingar á ákvæði um hatursáróður og hvatningu til refsiverðrar háttsemi

Vakin er athygli á því að í **12. gr.** frumvarpsdraganna er mælt fyrir um breytingar á **27. gr. laga um fjölmiðla**, sem fjallar um hatursáróður og hvatningu til refsiverðrar háttsemi í fjölmiðlum. Lagt er til að sú vernd sem ákvæðið felur í sér taki til fleiri hópa, auk þess sem mælt verði fyrir um bann við hvatningu til hryðjuverka, auk annarrar refsiverðrar háttsemi.

Þannig verði eftirfarandi orðum bætt við verndarandlag ákvæðisins í b-lið 1. mgr. 27. gr: *kynvitund, kyntjáning, aldur, fötlun, tungumál, stjórn mála- og lífsskoðanir, erfðafræðileg einkenni og þjóðfélagsstétt.*



Þá er, líkt og í fyrra frumvarpi, lagt til að krafan um að hatursáróður verði að vera settur fram „með markvissum hætti“ til að falla undir ákvæðið verði felld brott. Í skýringum við ákvæðið segir að það leiði þó ekki til þess að fjölmiðill/fjölmiðlaveita geti þurft að sæta ábyrgð vegna einstakra ummæla viðmælenda eða starfsmanna fjölmiðla. Ábyrgð fjölmiðilsins/fjölmiðlaveitunnar virkist t.d. ef fjölmiðillinn í endurteknum tilvikum geri engar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að viðmælendur eða dagskrárgerðarfólk viðhafi hatursfull ummæli eða áróður.

Jafnframt er í **19. gr.** frumvarpsdraganna að finna tillögu að nýju ákvæði **36. gr. b. laga um fjölmiðla**, um skyldur mynddeiliveitna til að gera ráðstafanir til að vernda almenning fyrir efni, notendaframleiddu efni og viðskiptaboðum, sem fela í sér hvatningu til ofbeldis eða haturs gegn hópi eða einstaklingum úr tilteknum hópum. Hið sama á við um efni sem felur í sér hvatningu til refsiverðrar háttsemi, þá sérstaklega hvatningu til hryðjuverka og háttsemi er lýtur að kynþátta- og útlendingahatri.

Framangreindar breytingar eru að mati Fjölmiðlanefndar til þess fallnar að auka vernd almennings gegn hatursorðræðu og sporna gegn hvatningu til hryðjuverka og annarrar refsiverðrar háttsemi. Þær eru í samræmi við 9. aðgerð í aðgerðaáætlun gegn hatursorðræðu fyrir árin 2023-2026, sbr. þingsályktunartillögu forsætisráðherra, þingskjal 1212 – 795. mál sem er til meðferðar á yfirstandandi löggjafarþingi. Þá eru breytingarnar í samræmi við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna 16.1 og 16.10, eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni.

Að öðru leyti vísar Fjölmiðlanefnd til fyrri umsagnar nefndarinnar, dags. 4. maí 2021, sbr. 717. mál á 151. löggjafarþingi, þar sem fjallað var ítarlega um fyrirhugaðar breytingar á lögum um fjölmiðla, sem og fyrirhugaðar breytingar á starfssviði Fjölmiðlanefndar, með innleiðingu tilskipunar 2018/1808/ESB. Fjölmiðlanefnd er reiðubúin að mæta á fund til allsherjar- og menntamálanefndar til að fara yfir framangreindar athugasemdir verði óskað eftir því.

Fyrir hönd Fjölmiðlanefndar,

Heiðdís Lilja Magnúsdóttir  
yfirlögfræðingur

Elfa Ýr Gylfadóttir  
framkvæmdastjóri

Nefndarsvið Alþingis,  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10,  
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2023

**Efni: Ábending vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.), þingskjal 1527 – 979. mál**


Allsherjar- og menntamálanefnd hefur kallað eftir umsögnum við frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð- og myndmiðlun o.fl.) („**frumvarpið**“). Undirritaður hefur kynnt sé frumvarpið f.h. samtaka hagsmunaaðila og sér ástæðu til þess að koma eftirfarandi ábendingu góðfúslega á framfæri.

Í 1. mgr. 18. gr. frumvarpsins er kveðið á um skyldu fjölmiðlaveita sem miðla myndefni eftir pöntun að tryggja að a.m.k. 30% af því efni sem í boði er sé evrópskt og að efnið sé áberandi hluti af framboði fjölmiðlaveitunnar. Í 2. mgr. sömu greinar segir að skyldan gildi ekki um fjölmiðlaveitur með litla veltu eða fáa áhorfendur samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur og í 3. mgr. greinarinnar segir loks að Fjölmiðlanefnd geti veitt undanþágu frá ákvæði 1. mgr. ef ekki er talið réttlætanlegt eða raunhæft að gera þær kröfur með vísan til eðlis og áherslu hljóð- og myndmiðlunarþjónustunnar (e. *thematic exemption*).

Athugasemdir við 18. gr. frumvarpsins í lögskýringargögnum fjalla á hinn bóginn einungis um undanþágur veittar með hliðsjón af áhorfi eða afkomu. Þannig er ákveðin óvissa fyrir hendi um framkvæmd *thematic* undanþága, þ.m.t. þau sjónarmið sem Fjölmiðlanefnd skal leggja til grundvallar við mat sitt, sem gott væri að skýra með hliðsjón af hagsmunum haghafa.

Undirritaður veitir allar frekari upplýsingar vegna málsins.

Virðingarfyllst,



Arnaldur Starri Stefánsson, lögfræðingur

## *Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

---

### *Minnisblað*

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd**  
Sendandi: **Menningar- og viðskiptaráðuneyti**  
Dagsetning: **25.05.2023**  
Málsnúmer: **MVF22090112**  
Bréfalykill: **04.02**

Efni: 979. mál - frumvarp til breytinga á fjölmiðlalögum nr. 38/2011 - innleiðing EES-gerðar

Við er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar dags. 18. maí sl. þar sem óskað er eftir minnisblaði frá menningar- og viðskiptaráðuneyti vegna þeirra umsagna sem borist hafa um 979. mál – fjölmiðlar (EES-reglur, hljóð og myndmiðlun ofl.).

Menningar- og viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpinu 26. apríl sl. og gekk málið til allsherjar- og menntamálanefndar sama dag. Umsagnarbeiðnir voru sendar 27. apríl með fresti til 11. maí. Alls bárust fimm umsagnir um málið innan frestsins og ein utan frests, alls sex.

Frumvarpið felur í sér hreina innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 frá 14. nóvember 2018 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um samræmingu tiltekinnna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu). Eitt ákvæði nýtir heimild tilskipunarinnar til að banna kostun dagskrárefnis fyrir börn. Innleiðing ákvæðisins er ekki skylda en tekin var ákvörðun um að nýta heimildina til að viðhalda góðum árangri Íslands í þessum efnum. Við útfærsluna var horft til þeirrar leiðar sem farin hefur verið í Noregi en hún hefur reynst vel og engin álitamál komið upp um ákvæðið frá setningu þess. Heimildina er að finna í 14. tölul. 1. gr. tilskipunar 2018/1808/ESB sem breytir 4. mgr. 10. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, sbr. einnig 24. gr. frumvarps þessa sem innleiðir breytingu á 42. gr. fjölmiðlalaga.

Verður hér nánar vikið að þeim atriðum frumvarpsins sem gerðar voru athugasemdir við.

#### **9. gr. frumvarpsins – breyting á 10. gr. fjölmiðlalaga.**

Fjölmiðlanefnd gerir athugasemd við að sú viðbót sem mælt er fyrir um í 3. mgr. b-liðar 9. gr. frumvarpsins eigi betur heima sem viðbót við 21. gr. fjölmiðlalaga en ekki 10. gr. laganna. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við hvort viðbótin verði hluti af 10. gr. eða 21. gr. fjölmiðlalaga, og telur hvort tveggja jafngóðan kost, breytingin væri formlegs eðlis. Þá tekur ráðuneytið undir að réttara væri að yfirskrift 21. gr. fjölmiðlalaga vísaði til „vefs“ fjölmiðlanefndar í stað „heimasíðu“.

#### **11. gr. frumvarpsins – breyting á h-lið 1. mgr. 23. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra fagnar, sem áður, þeim orðalagsbreytingum sem gerðar eru á ákvæðinu. Félagið telur þó orðalagið „hvetja“ í greinargerð með ákvæðinu draga úr fyrirmælum ákvæðisins. Þá gerir félagið athugasemd við að í greinargerð sé notast við orðalagið „leitast stöðugt við“ sem 14. gr. frumvarpsins geri ráð fyrir að falli brott úr ákvæði 30. gr. nógildandi

fjölmiðlalaga („leitast við að“).

Ráðuneytið bendir á að ekki er unnt að breyta greinargerð á þessu stigi málsins en vísar jafnframt til umfjöllunar í greinargerð um 14. gr. frumvarpsins sem vísað er til hvað þetta varðar, þ.e. í greinargerð er orðalagið notað til að lýsa gildandi rétti og kemur síðan umfjöllun um breytinguna til að lýsa þeim stigsmun sbr.: „Gildandi ákvæði breytist á þann veg að í stað þess að fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni skuli „eins og kostur er leitast við að“ gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum þá skuli þær „stöðugt og stigvaxandi“ gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum.“

**12. gr. frumvarpsins – breyting á 27. gr. fjölmiðlalaga sbr. 19. gr. frumvarpsins – nýtt ákvæði 36. gr. b fjölmiðlalaga.**

Fjölmiðlanefnd telur að þær breytingar sem gerðar eru á 27. gr. fjölmiðlalaga, auk nýs ákvæðis 36. gr. b. fjölmiðlalaga, auki vernd almennings gegn hatursorðræðu og sporni gegn hvatningu til hryðjuverka og annarrar refsiverðrar háttsemi, sem og að þær séu í samræmi við aðgerðaráætlun um hatursorðræðu sbr. þingsályktunartillögu forsætisráðherra (795. mál) og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

**14. gr. frumvarpsins – breyting á 30. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra fagnar því að verið sé að herða á kröfum til fjölmiðlaveitna er varðar aðgengileika þjónustunnar en telja ekki nægilega langt gengið í þessum efnum. Félagið gerir athugasemd við að „það varðar ekki sektum að senda út dagskrárefni án þess að gera ráðstafanir til að gera það aðgengilegt fyrir heyrnarskerta“.

Ráðuneytið ítrekar að ákvæðið sé ekki þess eðlis að möguleiki sé á að mæla fyrir um viðurlög vegna þess að of matskennt er hvað teljist vera „stöðugt og stigvaxandi“ og hvað ekki. Nauðsynlegt er að ákvæðið sé orðað á þann hátt til að samræmast ákvæðum tilskipunar (ESB) 2018/1808.

**15. gr. frumvarpsins - breyting á 31. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra fagnar viðbót við 31. gr. fjölmiðlalaga og telur hana vera mikla réttarbót.

**18. gr. frumvarpsins - nýtt ákvæði 33. gr. a. fjölmiðlalaga.**

Í umsögn sendri af lögfræðingi á LEX lögmannsstofu er gerð athugasemd við að ekki sé fjallað um undanþágu 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins sérstaklega í greinargerð. Ráðuneytið telur lagatextann varðandi undanþágu 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins vera skýran hvað sem líður umfjöllun í greinargerð frumvarpsins. Þess ber einnig að geta að fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórn-sýslunefnd sbr. 7. gr. fjölmiðlalaga og vinnur eftir málsmeðferðarreglum stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993, við meðferð mála sem berast nefndinni. Þá má einnig gera ráð fyrir að fjölmiðlanefnd horfi til framkvæmdar samskonar mála í öðrum Evrópuríkjum sem og leiðbeininga Evrópusambandsins um einstök ákvæði í þeim tilfellum sem slíkar leiðbeiningar hafa verið gerðar.

**25. gr. frumvarpsins – breyting á 54. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra gerir athugasemd við að staflíð sé ekki bætt við 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga sem gerir stjórnvöldum kleift að sekta vegna 30. gr. fjölmiðlalaga sbr. fyrri athugasemd um 14. gr. frumvarpsins.

Fjölmiðlanefnd gerir athugasemd nátengda c-lið 25. gr. frumvarpsins sbr. 1. málsli. 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga. Telur nefndin að verði ákvæðið óbreytt að lögum verði til staðar valdpurrð

fyrir nefndina til að beita sektum gagnvart mynddeiliveitum. Ráðuneytið leggst ekki gegn því að 1. másl. 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga verði breytt á þann veg að hljóði svo: *Fjölmiðlanefnd leggur stjórnvaldssektir á [fjölmiðlaveitur], og eftir atvikum mynddeiliveitur*, sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum. Telur ráðuneytið að framangreint orðalag (viðbót undirstrikuð) ætti að veita nefndinni ótvíræða heimild handa nefndinni til að leggja stjórnvaldssekt á mynddeiliveitur vegna brota á 1. mgr. 36. gr. d en útvíkkar heimildina jafnframt ekki til annarra ákvæða 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga.

Persónuvernd gerir athugasemd við d-lið 25. gr. frumvarpsins er varðar heimild stofnunarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir og bendir á að betur færi ef vísað væri til að um eftirlit samkvæmt umræddum ákvæðum fari samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ráðuneytið tekur undir athugasemdir stofnunarinnar sbr. umræðu um fyrri umsögn stofnunarinnar í greinargerð frumvarpsins. Láðst hefur að breyta ákvæðinu til samræmis en ráðuneytið telur þá leið sem stofnunin leggur til, til bóta.

### **Aðrar athugasemdir:**

Fjölmiðlanefnd gerir athugasemd vegna breytinga á lögum nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (hér eftir: lög um nikótínvörur) sem tóku gildi 24. júní 2022. Með lögum var meðal annars gerð breyting á 4. mgr. 37. gr. fjölmiðlalaga með því að fella orðið *nikótínvörur* inn í upptalningu ákvæðisins. Nefndin leggur til, til samræmis við markmið við 24. gr. frumvarpsins, sbr. umfjöllun um ákvæðið í greinargerð og breytingar á lögum um nikótínvörur, sbr. breytingar á fjölmiðlalögum, að orðinu *nikótínvörur* verði bætt við upptalningu 24. gr. frumvarpsdraganna sem breytir 42. gr. fjölmiðlalaga. Ráðuneytið tekur undir athugasemdir nefndarinnar hvað þetta varðar og telur mikilvægt að ákvæðinu verði breytt til samræmis við tillögu nefndarinnar svo ákvæðið þjóni því markmiði sem því er ætlað að ná sem og að gæta samræmis við önnur ákvæði laganna og ákvæði laga um nikótínvörur.

Félag heyrnarlausra gerir athugasemd við að í þær málsgreinar er snúa að réttindum sjón- og heyrnarskertra vant umfjöllun um táknið og færir fyrir því greinargóð rök. Ráðuneytið tekur undir athugasemd félagsins hvað þetta varðar. Athugasemdin virðist þó eingöngu snúa að texta í greinargerð sem ekki er unnt að lagfæra á þessu stigi. Ráðuneytið tekur þessa ábendingu til greina og mun gæta þess að framvegis verði einnig vísað til tákniðs.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) gerir ekki athugasemd við einstök ákvæði frumvarpsins en kallar eftir því að innleitt verði ákvæði 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar um hið svokallaða menningarframlag fjölmiðlaveitna sem miðla myndefni eftir pöntun. Ráðuneytið vekur athygli á, líkt og fram kemur í umsögn SÍK, að verið er að ganga frá skipan í starfshóp á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis sem ætlað er að skoða þau mál er vísað er til.

Þá fjallar ein umsagnanna ekki um einstök ákvæði frumvarpsins en í umsögninni eru talin upp tiltekin ákvæði frumvarpsins sem talin eru vera íþyngjandi gagnvart innlendum fjölmiðlaveitum. Ráðuneytið bendir góðfúslega á að umrætt frumvarp er innleiðingarfrumvarp og er því skylt að innleiða öll þau ákvæði sem upp eru talin, þ.e. þau eru ekki valkvæð líkt og gætir til að mynda um ákvæði 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar eru á þann veg að hluti þeirra tekur til þeirra fjölmiðlaveitna sem staðsettar eru innan lögsögu, í þessu

tilfelli Ísland, s á meðan önnur ákvæði taka til allra veitna, óháð því hvort þær séu staðsettar innan lögsögu ríkisins eða miðla efni sem beint er að almenningi hér á landi. Um þetta atriði vísast einnig til umræðu í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins. Ákvæðin sem um ræðir eru því ekki séríslensk heldur hluti af tilskipuninni en er beint að fjölmiðlaveitum sem staðsettar eru innan lögsögu Íslands enda er það samkvæmt hljóðan þeirra í tilskipuninni.

## *Menningar- og viðskiptaráðuneyti*

---

### *Minnisblað*

Viðtakandi: **Allsherjar- og menntamálanefnd**  
Sendandi: **Menningar- og viðskiptaráðuneyti**  
Dagsetning: **25.05.2023**  
Málsnúmer: **MVF22090112**  
Bréfalykill: **04.02**

Efni: 979. mál - frumvarp til breytinga á fjölmiðlalögum nr. 38/2011 - innleiðing EES-gerðar

Við er til erindis allsherjar- og menntamálanefndar dags. 18. maí sl. þar sem óskað er eftir minnisblaði frá menningar- og viðskiptaráðuneyti vegna þeirra umsagna sem borist hafa um 979. mál – fjölmiðlar (EES-reglur, hljóð og myndmiðlun ofl.).

Menningar- og viðskiptaráðherra mælti fyrir frumvarpinu 26. apríl sl. og gekk málið til allsherjar- og menntamálanefndar sama dag. Umsagnarbeiðnir voru sendar 27. apríl með fresti til 11. maí. Alls bárust fimm umsagnir um málið innan frestsins og ein utan frests, alls sex.

Frumvarpið felur í sér hreina innleiðingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 frá 14. nóvember 2018 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um samræmingu tiltekinna ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum í aðildarríkjunum um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu (tilskipun um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu). Eitt ákvæði nýtir heimild tilskipunarinnar til að banna kostun dagskrárefnis fyrir börn. Innleiðing ákvæðisins er ekki skylda en tekin var ákvörðun um að nýta heimildina til að viðhalda góðum árangri Íslands í þessum efnum. Við útfærsluna var horft til þeirrar leiðar sem farin hefur verið í Noregi en hún hefur reynst vel og engin álitamál komið upp um ákvæðið frá setningu þess. Heimildina er að finna í 14. tölul. 1. gr. tilskipunar 2018/1808/ESB sem breytir 4. mgr. 10. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar, sbr. einnig 24. gr. frumvarps þessa sem innleiðir breytingu á 42. gr. fjölmiðlalaga.

Verður hér nánar vikið að þeim atriðum frumvarpsins sem gerðar voru athugasemdir við.

#### **9. gr. frumvarpsins – breyting á 10. gr. fjölmiðlalaga.**

Fjölmiðlanefnd gerir athugasemd við að sú viðbót sem mælt er fyrir um í 3. mgr. b-liðar 9. gr. frumvarpsins eigi betur heima sem viðbót við 21. gr. fjölmiðlalaga en ekki 10. gr. laganna. Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við hvort viðbótin verði hluti af 10. gr. eða 21. gr. fjölmiðlalaga, og telur hvort tveggja jafngóðan kost, breytingin væri formlegs eðlis. Þá tekur ráðuneytið undir að réttara væri að yfirskrift 21. gr. fjölmiðlalaga vísaði til „vefs“ fjölmiðlanefndar í stað „heimasíðu“.

#### **11. gr. frumvarpsins – breyting á h-lið 1. mgr. 23. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra fagnar, sem áður, þeim orðalagsbreytingum sem gerðar eru á ákvæðinu. Félagið telur þó orðalagið „hvetja“ í greinargerð með ákvæðinu draga úr fyrirmælum ákvæðisins. Þá gerir félagið athugasemd við að í greinargerð sé notast við orðalagið „leitast stöðugt við“ sem 14. gr. frumvarpsins geri ráð fyrir að falli brott úr ákvæði 30. gr. nógildandi

fjölmiðlalaga („leitast við að“).

Ráðuneytið bendir á að ekki er unnt að breyta greinargerð á þessu stigi málsins en vísar jafnframt til umfjöllunar í greinargerð um 14. gr. frumvarpsins sem vísað er til hvað þetta varðar, þ.e. í greinargerð er orðalagið notað til að lýsa gildandi rétti og kemur síðan umfjöllun um breytinguna til að lýsa þeim stigsmun sbr.: „Gildandi ákvæði breytist á þann veg að í stað þess að fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni skuli „eins og kostur er leitast við að“ gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum þá skuli þær „stöðugt og stigvaxandi“ gera þjónustu sína aðgengilega sjón- og heyrnarskertum.“

**12. gr. frumvarpsins – breyting á 27. gr. fjölmiðlalaga sbr. 19. gr. frumvarpsins – nýtt ákvæði 36. gr. b fjölmiðlalaga.**

Fjölmiðlanefnd telur að þær breytingar sem gerðar eru á 27. gr. fjölmiðlalaga, auk nýs ákvæðis 36. gr. b. fjölmiðlalaga, auki vernd almennings gegn hatursorðræðu og sporni gegn hvatningu til hryðjuverka og annarrar refsiverðrar háttsemi, sem og að þær séu í samræmi við aðgerðaráætlun um hatursorðræðu sbr. þingsályktunartillögu forsætisráðherra (795. mál) og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

**14. gr. frumvarpsins – breyting á 30. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra fagnar því að verið sé að herða á kröfum til fjölmiðlaveitna er varðar aðgengileika þjónustunnar en telja ekki nægilega langt gengið í þessum efnum. Félagið gerir athugasemd við að „það varðar ekki sektum að senda út dagskrárefni án þess að gera ráðstafanir til að gera það aðgengilegt fyrir heyrnarskerta“.

Ráðuneytið ítrekar að ákvæðið sé ekki þess eðlis að möguleiki sé á að mæla fyrir um viðurlög vegna þess að of matskennt er hvað teljist vera „stöðugt og stigvaxandi“ og hvað ekki. Nauðsynlegt er að ákvæðið sé orðað á þann hátt til að samræmast ákvæðum tilskipunar (ESB) 2018/1808.

**15. gr. frumvarpsins - breyting á 31. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra fagnar viðbót við 31. gr. fjölmiðlalaga og telur hana vera mikla réttarbót.

**18. gr. frumvarpsins - nýtt ákvæði 33. gr. a. fjölmiðlalaga.**

Í umsögn sendri af lögfræðingi á LEX lögmannsstofu er gerð athugasemd við að ekki sé fjallað um undanþágu 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins sérstaklega í greinargerð. Ráðuneytið telur lagatextann varðandi undanþágu 3. mgr. 18. gr. frumvarpsins vera skýran hvað sem líður umfjöllun í greinargerð frumvarpsins. Þess ber einnig að geta að fjölmiðlanefnd er sjálfstæð stjórn-sýslunefnd sbr. 7. gr. fjölmiðlalaga og vinnur eftir málsmeðferðarreglum stjórn-sýslulaga, nr. 37/1993, við meðferð mála sem berast nefndinni. Þá má einnig gera ráð fyrir að fjölmiðlanefnd horfi til framkvæmdar samskonar mála í öðrum Evrópuríkjum sem og leiðbeininga Evrópusambandsins um einstök ákvæði í þeim tilfellum sem slíkar leiðbeiningar hafa verið gerðar.

**25. gr. frumvarpsins – breyting á 54. gr. fjölmiðlalaga.**

Félag heyrnarlausra gerir athugasemd við að staflíð sé ekki bætt við 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga sem gerir stjórnvöldum kleift að sekta vegna 30. gr. fjölmiðlalaga sbr. fyrri athugasemd um 14. gr. frumvarpsins.

Fjölmiðlanefnd gerir athugasemd nátengda c-lið 25. gr. frumvarpsins sbr. 1. másl. 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga. Telur nefndin að verði ákvæðið óbreytt að lögum verði til staðar valdþurrð



fyrir nefndina til að beita sektum gagnvart mynddeiliveitum. Ráðuneytið leggst ekki gegn því að 1. másl. 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga verði breytt á þann veg að hljóði svo: *Fjölmiðlanefnd leggur stjórnvaldssektir á [fjölmiðlaveitur], og eftir atvikum mynddeiliveitur*, sé brotið gegn eftirtöldum ákvæðum. Telur ráðuneytið að framangreint orðalag (viðbót undirstrikuð) ætti að veita nefndinni ótvíræða heimild handa nefndinni til að leggja stjórnvaldssekt á mynddeiliveitur vegna brota á 1. mgr. 36. gr. d en útvíkkar heimildina jafnframt ekki til annarra ákvæða 1. mgr. 54. gr. fjölmiðlalaga.

Persónuvernd gerir athugasemd við d-lið 25. gr. frumvarpsins er varðar heimild stofnunarinnar til að leggja á stjórnvaldssektir og bendir á að betur færi ef vísað væri til að um eftirlit samkvæmt umræddum ákvæðum fari samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ráðuneytið tekur undir athugasemdir stofnunarinnar sbr. umræðu um fyrri umsögn stofnunarinnar í greinargerð frumvarpsins. Látst hefur að breyta ákvæðinu til samræmis en ráðuneytið telur þá leið sem stofnunin leggur til, til bóta.

### **Aðrar athugasemdir:**

Fjölmiðlanefnd gerir athugasemd vegna breytinga á lögum nr. 87/2018 um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur (hér eftir: lög um nikótínvörur) sem tóku gildi 24. júní 2022. Með lögum var meðal annars gerð breyting á 4. mgr. 37. gr. fjölmiðlalaga með því að fella orðið *nikótínvörur* inn í upptalningu ákvæðisins. Nefndin leggur til, til samræmis við markmið við 24. gr. frumvarpsins, sbr. umfjöllun um ákvæðið í greinargerð og breytingar á lögum um nikótínvörur, sbr. breytingar á fjölmiðlalögum, að orðinu *nikótínvörur* verði bætt við upptalningu 24. gr. frumvarpsdraganna sem breytir 42. gr. fjölmiðlalaga. Ráðuneytið tekur undir athugasemdir nefndarinnar hvað þetta varðar og telur mikilvægt að ákvæðinu verði breytt til samræmis við tillögu nefndarinnar svo ákvæðið þjóni því markmiði sem því er ætlað að ná sem og að gæta samræmis við önnur ákvæði laganna og ákvæði laga um nikótínvörur.

Félag heyrnarlausra gerir athugasemd við að í þær málsgreinar er snúa að réttindum sjón- og heyrnarskertra vanti umfjöllun um táknað og færir fyrir því greinargóð rök. Ráðuneytið tekur undir athugasemd félagsins hvað þetta varðar. Athugasemdin virðist þó eingöngu snúa að texta í greinargerð sem ekki er unnt að lagfæra á þessu stigi. Ráðuneytið tekur þessa ábendingu til greina og mun gæta þess að framvegis verði einnig vísað til táknaðs.

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (SÍK) gerir ekki athugasemd við einstök ákvæði frumvarpsins en kallar eftir því að innleitt verði ákvæði 2. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar um hið svokallaða menningarframlag fjölmiðlaveitna sem miðla myndefni eftir pöntun. Ráðuneytið vekur athygli á, líkt og fram kemur í umsögn SÍK, að verið er að ganga frá skipan í starfshóp á vegum menningar- og viðskiptaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis sem ætlað er að skoða þau mál er vísað er til.

Þá fjallar ein umsagnanna ekki um einstök ákvæði frumvarpsins en í umsögninni eru talin upp tiltekin ákvæði frumvarpsins sem talin eru vera íþyngjandi gagnvart innlendum fjölmiðlaveitum. Ráðuneytið bendir góðfúslega á að umrætt frumvarp er innleiðingarfrumvarp og er því skylt að innleiða öll þau ákvæði sem upp eru talin, þ.e. þau eru ekki valkvæð líkt og gætir til að mynda um ákvæði 2. mgr. 13. gr. hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar. Ákvæði hljóð- og myndmiðlunartilskipunarinnar eru á þann veg að hluti þeirra tekur til þeirra fjölmiðlaveitna sem staðsettar eru innan lögsögu, í þessu

tilfelli Ísland, s á meðan önnur ákvæði taka til allra veitna, óháð því hvort þær séu staðsettar innan lögsögu ríkisins eða miðla efni sem beint er að almenningi hér á landi. Um þetta atriði vísast einnig til umræðu í 5. kafla greinargerðar frumvarpsins. Ákvæðin sem um ræðir eru því ekki séríslensk heldur hluti af tilskipuninni en er beint að fjölmiðlaveitum sem staðsettar eru innan lögsögu Íslands enda er það samkvæmt hljóðan þeirra í tilskipuninni.

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2023

Tilvísun: 2023040791/H.H.

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð og myndmiðlunarþjónusta, samfélagsmiðlar o.fl.)**

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 27. apríl 2023 um umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð og myndmiðlunarþjónusta, samfélagsmiðlar o.fl.) (þskj. 1527, 979. mál á 153. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu eru lagðar til ýmsar breytingar á lögum nr. 38/2011, um fjölmiðla, til innleiðingar á tilskipun (ESB) 2018/1808.

Persónuvernd gerir athugasemdir við eftirfarandi atriði:

1.

*Athugasemdir við ákvæði í frumvarpi*

Í d-lið 25. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir nýrri málsgrein í 54. gr. laga nr. 38/2011, þess efnis að Persónuvernd hafi heimild til að leggja stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæði 4. mgr. 28. gr. og/eða 3. mgr. 36. gr. d skv. VII. kafla laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018.

Líkt og fram kemur í greinagerð frumvarpsins var haft samráð við Persónuvernd um hlutverk stofnunarinnar við eftirlit með framkvæmd ákvæðisins. Persónuvernd vekur athygli á að í bréfi stofnunarinnar til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 14. apríl 2020, sagði:

„Þar sem stjórnvaldssektir eru aðeins ein þeirra valdheimilda sem Persónuvernd hefur, og með hliðsjón af því að meta þarf hverju sinni hvort stjórnvaldssektum verði beitt, eða eftir atvikum öðrum valdheimildum stofnunarinnar, telur Persónuvernd ekki rétt að bætt verði við 54. gr. fjölmiðlalaga málsgrein um að Persónuvernd leggi stjórnvaldssektir á þá sem brjóta gegn ákvæði 4. mgr. 28. gr. og/eða 2. mgr. 36. gr. d. Þess í stað verði vísað til þess að um eftirlit og viðurlög við brotum gegn umræddum ákvæðum fari eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, svo sem áður segir.“

Persónuvernd telur að þessar athugasemdir stofnunarinnar eigi í meginatriðum enn við um ákvæði d-lið 25. gr. frumvarpsins. **Persónuvernd telur ótækt að ákvæðið verði óbreytt að lögum enda mætti þá líta svo á að valdheimildir stofnunarinnar, vegna brota á tilvitnuðum ákvæðum laga nr. 38/2011, takmörkuðust við beitingu stjórnvaldssekta, þrátt fyrir að stjórnvaldssektir séu aðeins ein þeirra valdheimilda sem Persónuvernd hefur samkvæmt lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.**



Til að tryggja betra samræmi við ákvæði laga nr. 90/2018 að þessu leyti leggur Persónuvernd til að d-liður 25. gr. frumvarpsins orðist svo:

„Um eftirlit og viðurlög við brotum gegn 6. mgr. 28. gr. og/edá 3. mgr. 36. gr. d fer samkvæmt lögum um persónuvernd um vinnslu persónuupplýsinga.“

Loks telur Persónuvernd að orðið „Persónuupplýsingum“ í upphafi 3. mgr. d-liðar 19. gr. frumvarpsins sé misritað og að það ætti að standa í þolfalli í stað þágufalls.

## 2.

### *Árétting vegna athugasemda í greinargerð*

Í athugasemdum við 13. gr. frumvarpsins í greinargerð þess, er vísað til þess að í formálsordum reglugerðar (ESB) 2016/679 sé áréttað að óheimilt sé að búa til persónu- eða notendasnið um börn.

Persónuvernd bendir á að í 38. lið formálsorda reglugerðarinnar segir:

„Persónuupplýsingar barna ættu að njóta sérstakrar verndar þar sem þau kunna að vera síður meðvitund um áhættu, afleiðingar og viðkomandi verndarráðstafanir og réttindi sín í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga. Þessi sérstaka vernd ætti einkum að eiga við um notkun persónuupplýsinga barna í markaðssetningarskyni eða þegar búin eru til persónu- eða notendasnið og um söfnun persónuupplýsinga er varða börn þegar þau nota þjónustu sem börnum er boðin beint. Samþykki forsjáradila ætti ekki að vera nauðsynlegt þegar um er að ræða forvarnar- eða ráðgjafarþjónustu sem barni er boðin beint.“

Persónuvernd vekur athygli á að hvorki tilvitnaður liður formálsordanna né aðrir liðir þeirra leggja beinlínis bann við gerð persónu- eða notendasnið fyrir börn en slík vinnsla getur þó strítt gegn ákvæðum persónuverndarlöggjafarinnar. Í tilskipun (ESB) 2018/1808 er hins vegar mælt fyrir um sérreglu á þessu sviði, sbr. 2. mgr. 6. gr. a tilskipunarinnar, þar sem segir að óheimilt sé að vinna persónuupplýsingar um einstaklinga undir lögaldri, sem safnað er eða sem verða til á annan hátt hjá fjölmidlaveitum í samræmi við 1. mgr. ákvæðisins, í viðskiptalegum tilgangi, líkt og við beina markaðssetningu, gerð persónusniðs og atferlismíðaðar auglýsingar. Því telur Persónuvernd ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við þetta atriði að öðru leyti.

## 3.

Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

Persónuvernd, 11. maí 2023

  
Bjarni Freyr Rúnarsson

  
Harpa Halldórsdóttir



Nefndasvið Alþingis  
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
101 Reykjavík  
[nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)

Reykjavík, 11. maí 2023

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjölmiðla, nr. 38/2011 (EES-reglur, hljóð og myndmiðlun o.fl.), 979. mál**

Samband íslenskra kvikmyndaframleiðenda (hér eftir „SÍK“), aðildarsamtök Samtaka iðnaðarins, hefur tekið til umsagnar frumvarp til laga um fjölmiðla (EES-reglur, hljóð og myndmiðlun o.fl.). Fram kemur í greinargerð með frumvarpinu að tilefni lagasetningarinnar sé innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu. Efnistöð frumvarpsins taka tillit til breyttra áhorfsvenja einstaklinga þar sem línulegt áhorf hefur minnkað en áhorf á efni í ólínulegri dagskrá og mynddeiliveitum aukist. Markmið lagasetningarinnar er þannig að skýra og samræma kröfur sem gerðar eru til línulegrar og ólínulegrar miðlunar.

SÍK telur ekki ástæðu til þess að fjalla um einstök ákvæði fyririggjandi frumvarps en leggur áherslu á knýjandi þörf fyrir setningu lagaheimildar um gjaldtöku á erlendar streymisveitur líkt og tilskipun ESB 2018/180 með síðari breytingu, sem frumvarpið byggir á, heimilar og nánar verður fjallað um hér í framhaldi.

**Lagaheimild til gjaldtöku á erlendar streymisveitur**

Ríki hafa heimild til þess að krefja fjölmiðlaveitur um að verja hlutfalli dagskrárfjár til evrópskra verka samkvæmt 2. mgr. 13. gr. tilskipunar ESB 2018/1801, með síðari breytingum. Í ákvæðinu kemur fram að ef aðildarríki krefja fjölmiðlaveitur sem miðla myndefni eftir pöntun (hér eftir „streymisveitur“) innan lögsögu þess um fjárframlög til framleiðslu á evrópsku efni, þ.m.t. með beinni fjárfestingu í efni og með framlagi til landsbundinna sjóða, hafa þau heimild til þess að krefja fjölmiðlaveitur, sem beina þjónustu sinni til áhorfenda á yfirráðasvæðum þeirra en hafa staðfestu í öðrum aðildarríkjum, að leggja fram sambærileg fjárframlög. Kröfur á erlendar streymisveitur verða þó að gæta meðalhófs og jafnræðis ásamt því að horfa verður til tekna í hlutaðeigandi ríki og gæta þess að þær séu í samræmi við EES ríkisstýrkjareglur.

Menningar- og viðskiptaráðuneytið birti frétt um menningarframlag streymisveita í Evrópu þann 22. október sl. en um var að ræða umfjöllun um mismunandi útfærslur á gjaldtöku sem

Evrópuríki hafa innleitt í innlenda löggjöf.<sup>1</sup> Líkt og fram kemur í umfjölluninni getur framlagið verið af ýmsum toga, þ.e. með gjaldtöku eða skilyrði um fjárfestingu innan viðkomandi lands. SÍK hefur undanfarið átt samskipti við samtök kvikmyndaframleiðenda á Norðurlöndunum og fylgst náið með þróun mála, þá sérstaklega í Noregi. Alla jafna telur SÍK að gjaldtaka á erlendar streymisveitur sé mikilvægt skref til þess að tryggja tilvist sjálfstæðra framleiðenda sem stuðla að eflingu íslenskrar sjónvarps- og kvikmyndagerðar. Að mati SÍK væri skilyrði á erlendar streymisveitur um beina fjárfestingu í framleiðslu íslensk efnis æskilegt fyrirkomulag og eftir atvikum ef streymisveita fjárfesti ekki fyrir tiltekna viðmiðunarfrjárhæð væri gerð krafa um framlag í Kvikmyndasjóð. SÍK leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggt verði að framlög renni í Kvikmyndasjóð enda löngum kallað eftir auknu fjármagni og fyrirsjáanleika í stuðningssumhverfi kvikmyndaíðnaðar. Í því samhengi áréttar SÍK að ákvarðanataka framleiðenda byggir á fjárfestingu í verkefnum sem taka mið af opinberum vilyrðum og áætlunum.

Fjármála- og efnahagsráðherra og menningar- og viðskiptaráðherra hafa nú tilkynnt um tilnefningu starfshóps er samanstendur af þremur fulltrúum ráðuneyta. Er starfshópnum falið það hlutverk að skoða gjaldtöku á streymisveitur, þar með talið hið svokallaða skilyrði um menningarframlag og hvaða fyrirkomulag henti hér á landi.<sup>2</sup> SÍK leggur áherslu á mikilvægi þess að haft verði samráð við hagaðila í þeirri vinnu sem framundan er enda miklir hagsmunir í húfi fyrir greinina.

## Lokaorð

Kvikmyndastefna stjórnvalda til ársins 2030 kveður á um eflingu íslenskrar menningu, tungu og samfélags. Að mati SÍK er krafa um gjaldheimtu á erlendar streymisveitur mikilvægur þáttur í því að tryggja sjálfstæða framleiðslu á íslensku sjónvarpsefni og kvikmyndum. SÍK hvetur því stjórnvöld til þess að hefja samtal við hagaðila innan greinarinnar vegna málsins og tryggja þannig skilvirkari niðurstöður fyrir framlagningu frumvarps.

Virðingarfyllst,



---

Lilja Björk Guðmundsdóttir,  
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði Samtaka iðnaðarins

---

<sup>1</sup> Menningar- og viðskiptaráðuneytið, *Hvernig greiða streymisveitur minningarframlag í Evrópu?*, sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/10/20/Hvernig-greida-streymisveitur-meningarframlag-i-Evropu/> (sótt 9. maí 2023)

<sup>2</sup> Menningar og viðskiptaráðuneytið, *Stofna starfshóp um gjaldtöku á erlendu streymisveiturnar*. sjá: <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2023/04/21/Stofna-starfshop-um-gjaldtoku-a-erlendu-streymisveiturnar/> (sótt 9. maí 2023).



Alþingi

Allsherjar- og menntamálanefnd

b.t. nefndasviðs

Reykjavík, 17. maí 2023

Efni: Þingskjal 1527-979. mál

Vísað er til umsagnarbeiðni allsherjar- og menntamálanefndar um framangreint frumvarp.

Tilfni lagasetningarinnar er sagt vera innleiðing á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1808 frá 14. nóvember 2018 um breytingu á tilskipun 2010/13/ESB um hljóð- og myndmiðlunarþjónustu.

Sýn hf. hefur á undanförnum árum sent bæði ráðuneyti og Alþingi umsagnir um frumvörp eða áform um lagasetningu. Í öllum þeim umsögnum hefur verið óskað eftir jafnari samkeppnisstöðu einkarekinna miðla, annars vegar gagnvart Ríkisútvarpinu og hins vegar gagnvart erlendum samfélagsmiðlum og streymisveitum.

Hefur ráðherra málaflokksins ítrekað lýst sig sammála markmiðinu um jafnari samkeppnisstöðu, sem og einstakir þingmenn. Þá hefur allsherjar- og menntamálanefnd áréttað mikilvægi þessa í nefndarálitum.

Þrátt fyrir þetta bólar ekkert á viðleitni stjórnvalda eða löggjafans í þá veru að hringja þeim áformum í framkvæmd, umfram að festa í sessi gamaldags ríkisstyrkjakerfi. Í fyrirbyggjandi frumvarpi er til að mynda þvert á móti að finna ákvæði sem munu íþyngja innlendum fjölmiðlaveitum enn frekar. Í kafla greinargerðarinnar þar sem svokölluðu samráði er lýst, endurspeglast viðhorf frumvarpshöfunda. Ekki er leitað neinna lausna við ábendingum um hvernig jafna megi samkeppnisstöðuna og fyrirbyggjandi tillögur hagsmunaaðila sagðar í andstöðu við EES rétt. Á sama tíma virðist ekki skorta viljann til að íþyngja innlendum veitum, allt með vísan til þess að verið sé að innleiða EES reglur, sbr. upptalning hér að neðan:

1. Enn frekari auglýsingatakmarkanir vegna tóbaksvarna og kostaðs barnaefnis, sbr. 24. gr.
2. Aukin refsíabygð fjölmiðlaveitu, sbr. 12. gr.
3. Enn frekari skyldur varðandi auðkenningu efnis sem talið er skaðlegt börnum og vinnslu persónuupplýsinga barna, sbr. 13. gr.
4. Enn frekari skyldur gagnvart sjón- og heyrnarskertum, sbr. 11., 14. og 15. gr.
5. Enn frekari skyldur um upplýsingagjöf til fjölmiðlanefndar, sbr. 3. gr.
6. Enn frekari skyldur um upplýsingar gagnvart notandum, sbr. 16. gr.
7. Enn frekari takmarkanir varðandi vöruinnsetningar, sbr. 21. gr.





Í kafla 6 í greinargerð með frumvarpinu, mat á áhrifum, segir ranglega að í frumvarpinu felist skylda fjölmiðlaveitna að fjárfesta með beinum hætti í efni á íslensku sem nemur 6% af tekjum þeirra af áskriftargjöldum á Íslandi. Engin slík áform er að finna í einstökum ákvæðum frumvarpsins eða athugasemdum við einstakar greinar þess. Þetta hefði verið skref í áttina að jafnari samkeppnisstöðu og var til skoðunar í viðkomandi fagráðuneyti. Af einhverjum ástæðum var fallið var frá þeim áformum þótt ágreiningslaust sé að fullheimilt hafi verið skv. EES rétti að leggja til gjaldtöku eða fjárfestingakvöð. Á slíkar leiðir hefur Sýn ítrekað bent á í fyrri umsögnum. eru dæmi um allt að 15% fjárfestingakvöð eða skattlagningu í EES ríkjum, en slíkt skref hér á landi myndi vera raunveruleg tilraun til að jafna samkeppnisstöðu. Vísast um þetta til fyrri umsagna.

Í stuttu máli er unnt að jafna samkeppnisstöðu einkarekinna miðla með margvíslegum hætti og skulu helstu leiðir nefndar. Flestar þessar leiðir eru þær sömu og bent var á í tillögum nefndar um bætt rekstrarumhverfi einkarekinna fjölmiðla frá 2018<sup>1</sup>:

- Skattur eða fjárfestingakvöð á allar fjölmiðlaveitur sem nemur 15% af áskriftartekjum á Íslandi (Valkvætt. Ef hlutaðeigandi fjölmiðlaveita uppfyllir ekki fjárfestingakvöðina leggst skatturinn á).
- Dregið verði úr fyrirferð RÚV á auglýsingamarkaði
- Efnisveitur með starfsemi innan EES svæðisins beri sömu réttindi og skyldur samkvæmt fjölmiðlalögum, óháð því hvort þær eru undir lögsögu íslenska ríkisins eða annars EES ríkis
- Sömu reglur og gilda um textun og talsetningu fjölmiðlaveitna gildi um textun og talsetningu erlendra streymisveitna
- Sömu auglýsingatakmarkanir og gilda um innlendar fjölmiðlaveitur gildi um auglýsingar erlendra samfélagsmiðla og streymisveitna
- Innleidd verði í íslensk lög tilskipun ESB nr. 2019/790, um höfundarétt á stafrænum innra markaði. Samkvæmt henni verður mynddeiliveitum á borð við Google og Facebook gert að afla samþykkis réttihafa fyrir deilingu myndefnis, í þessu tilviki deilingu á fréttum og fréttatengdu efni. Jafnframt að rétthöfum verði heimilt að krefjast sanngjarns endurgjalds fyrir afnot af höfundaréttarvörðu efni sínu
- Tryggingargjald á fjölmiðlaveitur verði lækkað
- Virðisaukaskattur á fjölmiðlaveitur verði lækkaður eða afnuminn

Sýn sér ekki ástæðu til að fjalla frekar um einstök ákvæði fyrirbyggjandi frumvarps. Þess í stað er skorað á Alþingi að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem uppi er og jafna samkeppnisstöðuna.

Í því sambandi hefur meirihluti allsherjar- og menntamálanefndar fyrir allöngu áréttað mikilvægi þess að vinnu við skattlagningu erlendra samfélags- og streymisveitna verði hraðað sem kostur er enda streymir þó nokkurt hlutfall af auglýsingatekjum úr landi. Er skorað á nefndina að láta verkin tala og fylgja eftir þessum áformum, enda fullreynt að slíkar tillögur komi frá viðkomandi fagráðuneyti. Raunverulegur vilji er allt sem þarf.

<sup>1</sup> Tillögur nefndarinnar voru eftirfarandi: a) Endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna framleiðslu á fréttum og fréttatengdu efni b) Ríkisútvarpið fari af auglýsingamarkaði c) Virðisaukaskattur á sölu og áskriftum á rafrænu formi og af hljóð- og myndefni eftir pöntun verði 11% d) Áfengis og tóbaksauglýsingar verði heimilaðar e) Endurgreiðsla á hluta kostnaðar vegna textunar og talsetningar f) Undanþáguheimildir frá textun og talsetningu g) Gagnsæi í kaupum hins opinbera á auglýsingum





Sýn telur einnig með nokkrum ólíkindum, miðað við þá forsögu sem rakin hefur verið að framan, að frumvarpið, sem sagt er innleiða ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2018/1808, geymi ekki ákvæði um gjaldtöku og/eða fjárfestingakvöð á erlendar streymisveitur. Slík ívilnandi ákvæði fyrir innlendar fjölmiðlaveitur eru fullheimil, sbr. 2. og 3. mgr. 13. gr. tilskipunarinnar. Við svo búið leggst Sýn alfarið gegn öllum breytingum í fyrirbyggjandi frumvarpi sem íþyngja enn frekar innlendum fjölmiðlaveitum.

Virðingarfyllst,

f.h. Sýnar hf.

Páll Ásgrímsson,

Framkvæmdastjóri lögfræðisviðs